



Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar

### Beiðni um framlengingu samnings vegna útboðs nr. 14800

Með útboði nr. 14800 var boðinn út rekstur Microsoft umhverfis Reykjavíkurborgar og ráðgjöf honum tengdum. Um var að ræða tvo hluta, annars vegar daglegan rekstur sem innifelur þau verkefni sem snúa að daglegum rekstri á Microsoft umhverfi Reykjavíkurborgar og hins vegar ýmis umbótaverkefni tengd endurnýjun og þróun á Microsoft umhverfinu. Gildistími samningsins var eitt ár með möguleika á framlengingu um eitt ár í senn þó eigi lengur en fjögur ár í heild. Samningurinn rennur út þann 1. júní nk.

Nú eru útboðsskrif í gangi og gert er ráð fyrir að gögnin fari í yfirllestur til skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar í júní nk. Hins vegar er brýn þörf að að rekstur á Microsoft umhverfi borgarinnar falli ekki niður á meðan og áður en nýr samningur verði gerður í kjölfar útboðs.

Kostnaðaráætlun útboðs nr. 14800:

Kostnaðaráætlun:			Heildaupphæð per ár	Mánuðir	Manaðargjald án vsk
	1.1	108 mkr per ár án vsk	108,000,000	12	9,000,000
	1.2	15þús / klst			15,000
					<b>9,015,000</b>

Samtals á fjórum árum kr. 432.000.000.

Tilboð sem bárust:

Árið 2020, þann 5. maí kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar nr. 14800 "Microsoft rekstraþjónusta". Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Guðbjörg Eggertsdóttir.

Á tilboðsfresti voru sendir út tveir viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Heildartilboðsverð án vsk
1 Premis ehf	ISK 7.815.900
2 Þekking - Tristan	ISK 4.959.500
3 Origo hf	ISK 8.355.900
4 Advania Ísland ehf	ISK 4.716.705
5 Sensa ehf	ISK 7.522.595
6 Opin kerfi hf	ISK 7.757.900

Fleiri tilboð bárust ekki  
Opnun tilboða lokið kl. 10:08



Reykjavíkurborg

Tilboði Advania var tekið og erindi þess efnis lagt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð með bréfi dags. 12. maí 2020 (R20030251).

Uppreiknaðar mánaðargreiðslur, í smr. við heimild til breytinga á verðlagsgrundvelli í kafla 1.3. útboðslýsingar eru nú kr. 6.426.000.

Þar sem ljóst er að ekki næst að klára útboðsferli áður en núverandi samningur rennur út, er óskað eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að framlengja samninginn um fjóra mánuði, þ.e. til 30. september 2024. Kostnaðaráætlun á framlengingartímabili er kr. 28.781.099 eða kr. 7.195.274 á mánuði. Kostnaður innan framlengingartímabils rúmast innan f. liðar 1. mgr. 90. gr. OIL, þ.e. fjárhæðin er innan 10% af verðmæti samningsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Helgu Sigrúnar Kristjánsdóttur

Sæþór Fannberg

Þjónustu- og nýsköpunarsvið